*Garðyrkjuskólinn Reykjum* *Fjölbrautaskóli Suðurlands*

# PLEF3FV05 - Plöntulífeðlisfræði

## Kennari: Guðríður Helgadóttir (gurry@fsu.is)

## Kennsluáætlun vorið 2025

| Vika | Dags. | Tími | Efni | Verkefni |
|---|---|---|---|---|
| **1** | **8.1.2025** | **9:00 – 14:10** | **Inngangur. Yfirlit yfir önnina.**<br>**Vatnsbúskapur plantna (2. kafli)** | |
| **2** | 15.1.2025 | 9:00 – 14:10 | Vatnsbúskapur plantna (2. kafli), frh.<br>Upptaka næringarefna (3. kafli) | |
| **3** | 22.1.2025 | 9:00 – 14:10 | Upptaka næringarefna (3. kafli), frh.<br>Lífrænir hvatar, ensím (4. kafli) | |
| **4** | 29.1.2025 | 9:00 – 14:10 | Ljóstillífun, áhrif umhverfisþátta (5. og 6. kafli) | |
| **5** | **5.2.2025** | **9:00 – 14:10** | **Ljóstillífun, áhrif umhverfisþátta (5. og 6. kafli)** | |
| **6** | 12.2.2025 | 9:00 – 14:10 | Efnaskipti og öndun (7. kafli) | |
| **7** | 19.2.2025 | 9:00 – 14:10 | Efnaflutningar og geymsla (8. kafli) | |
| **8** | 26.2.2025 | 9:00 – 12:00 | Náttúruleg vaxtarefni (9. kafli) | |
| **9** | **5.3.2025** | **9:00 – 12:00** | **Vöxtur og þroski (10. Kafli)** | |
| **10** | 11.3.2025 | 12:45 – 15:45 | Blómgun, fræ og aldinþroskun (11. og 12. kafli) | |
| **11** | 19.3.2025 | 9:00 – 12:00 | Fræspírun, kynlaus æxlun (13. kafli) | |
| **12** | 24.-28.3. | | Ekki kennsla | |
| **13** | 2.4.2025 | 9:00 – 15:45 | Vaxtarstýring, streita (15. og 16. kafli. | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **14** | 9.4.2025 | 9:00 – 12:00 | Upprifjun. | |
| **15** | 28.4.2025 | 9:00 – 12:00 | Próf. | |

**Námsefni**

- Lífsstarfsemi plantnanna. Ritstj. A. Skytt Andersen, þýðandi Hólmfríður A. Sigurðardóttir
- Ljósrit og annað efni frá kennara.

**Skipulag námskeiðs**

Kennsla fer fram með fyrirlestrum og heimaverkefnum.

**Fyrirlestrar:** Fyrirlestrar kennara (glærupakkar) verða settir inn í kennslukerfi skólans, innu, undir heiti áfangans. Kennari prentar **ekki** glærupakkana út þannig að þeir nemendur sem vilja hafa útprentað efni verða að gera það sjálfir.

**Heimaverkefni:** Allir nemendur vinna 12 heimaverkefni. Ekki er tekið við heimaverkefnum eftir að skilafrestur rennur út.

**Upptökur og streymi:** Fyrirlestrar verða teknir upp í kennslustundum og aðgengilegir fjarnemum, auk þess sem þeim verður streymt í rauntíma.

**Námsmat**

Verkefni gilda 40% af lokaeinkunn áfangans. Verkefnaeinkunn er meðaleinkunn af 10 bestu einkunnum 12 verkefna.

Skriflegt lokapróf gildir 60% af lokaeinkunn. Lágmarkseinkunn á prófi er 4,5.

*Garðyrkjuskólinn Reykjum* *Fjölbrautaskóli Suðurlands*

**Áfangalýsing**

<table>
<tr><td>Áfangi<br>PLEF3FV05 – Plöntulífeðlisfræði</td><td>Einingar<br>5 fein</td><td>Hæfniþrep<br>3</td></tr>
<tr><td colspan="3">Lýsing<br>Fjallað verður ítarlega um helstu þætti plöntulífeðlisfræði og erfðafræði. Sérstök áhersla verður lögð á atriði sem snerta plöntuframleiðslu og vaxtarstjórnun. Fjallað verður um upptöku efna í plönturótum, efna- og vatnsflutning í plöntum, hormónavirkni, vaxtarstýringu og áhrif umhverfisþátta og inngripa (t.d. klippinga) á vöxt. Farið verður yfir öndun, ljóstillífun og helstu efnaferla í plöntufrumunni.</td></tr>
<tr><td colspan="3">Forkröfur<br>GRAS3FV05 (Grasafræði), JARÆ2FV05 (Jarðvegur og ræktun)</td></tr>
<tr><td>Þekkingarviðmið<br>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br>• Virkni plantna og viðbrögðum þeirra við áreiti.<br>• Upptöku plönturóta á efnum úr umhverfi.<br>• Flutningi vatns og efna í plöntum.<br>• Helstu hormónum í plöntum og virkni þeirra.<br>• Áhrif umhverfisþátta og inngripa á vöxt plantna.<br>• Öndun og ljóstillífun plantna.<br>• Helstu efnaferlum í plöntum.<br>• Stýringu plöntuvaxtar með hagnýtingu plöntulífeðlisfræðinnar.<br>• Helstu þáttum plöntuerfðafræði.<br><br>Leikniviðmið<br>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</td><td colspan="2">Hæfniviðmið<br>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<br>• Gera grein fyrir flutningi efna og vatns í plöntunni svo og helstu efnaferlum plöntunnar m.a. ljóstillífun og öndun, metið með kynningu.<br>• Sýna skilning á hormónavirkni plöntunnar og hvernig hægt er að nýta sér hana markvisst í framleiðslu og ræktun plantna, metið með rökstuðningi og kynningu.<br>• Gera sér grein fyrir áhrifum umhverfisþátta á vöxt og þroska plöntunnar og hvernig hægt er að hagnýta þessa þekkingu, metið með rökstuðningi og kynningu.<br>• Leysa af hendi framleiðslu plantna þar sem lífeðlisfræði plantna er höfð að</td></tr>
</table>

| | |
|---|---|
| • Kanna virkni plantna og hvernig þær bregðast við áreiti.<br>• Skoða upptöku plönturóta á efnum úr umhverfi og meta áhrif efnanna á plönturnar.<br>• Fylgjast með flutningi vatns og efna um plöntulíkamann.<br>• Meta hvaða áhrif umhverfisþættir og inngrip hafa á vöxt plantna.<br>• Stýra plöntuvexti með því að nýta sér þekkingu sína á lífeðlisfræði plantna, svo sem öndun, ljóstillífun og helstu efnaferlum í plöntum.<br>• Skoða áhrif plöntuerfðafræði á virkni og starfsemi plantna. | leiðarljósi, metið með vinnuframlagi og rökstuðningi.<br>• Tengja helstu lögmál plöntuerfðafræði við árangur í framleiðslu, metið með rökstuðningi og rökræðum. |

**Námsmat**
Einkunn fyrir verkefni og kynningar nemenda, skriflegt próf, einkunn fyrir frammistöðu í verklegum æfingum.

**Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara)**
Kennt verður með fyrirlestrum og vettvangsferðum, nemendur vinna verkefni tengd námsefninu.

**Tenging við grunnþætti**
Læsi: Nemendur læra að lesa í virkni plantna og samspil þeirra við umhverfi sitt.
Sjálfbærni: Nemendur læra um hlutverk plantna og samspil þeirra við umhverfi sitt, en það er lykilþáttur í sjálfbærni gróðurvistkerfa.
Heilbrigði og velferð: Nemendur læra um mikilvægi heilbrigðis og velferðar plantna í náttúrulegu og ræktuðu umhverfi.
Jafnrétti: Nemendur vinna í hópum og í hópvinnu eru allir jafnir.

**Dags.:** 12.9.2013
**Höfundur:** Guðríður Helgadóttir

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

**Garðyrkjuskólanum Reykjum - FSu, 8. janúar 2025**

**Guðríður Helgadóttir**